



Fundargerð

Fundur í dreifbýlisnefnd Reykhólahrepps
Mánudaginn 20. júní 2022 kl. 20.00

Fundarstaður: Hríshóll.

Mætt; Vilberg Þráinsson, Styrmir Sæmundsson, Herdís Matthíasson, Baldvin Smáráson og Guðlaug Guðmunda Ingibjörg Bergsveinsdóttir, Vilberg ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 1 blaðsíða.

Vilberg bauð fundarfólk velkomið á fyrsta fund nefndarinnar í kjörtímabilinu. Hann kannaði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboðið. Engar athugasemdir bárust. Þá spurði hann heftir öðrum málum á dagskrá. Engin mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Nefndin skiptir með sér verkum.

Vilberg Þráinsson kosin formaður og Styrmir Sæmundsson varaformaður.

2. Leitardagar haustið 2022.

1. Leitardagar í Reykhólahreppi 2022.

Dreifbýlisnefnd leggur til að leitardagar í Reykhólahreppi séu eftirfarandi:

Svæði 1-7; Kleifar, Brekkuá að Króksfjarðarnesi, Króksfjarðarnes, frá Bakkadal að Naðurdalsá og Borgarland verði leitað 17. september.

Svæði 8; frá Naðurdalsá að Hjallaá verði leitað 10. september.

Svæði 9; Reykjanes verði leitað 9. september.

Svæði 10; Frá Hjallaá út Hallsteinsnes að Djúpadal verði leitað 11. september

Svæði 11-14; frá Djúpadal að Skálanesi verði leitað 10. september.

Svæði 15-16; Kálfadalur, Eyri, Klettur, Seljaland og Fjarðarhorn verði leitað 3. september.

Svæði 17; Þorskafjarðarheiði og norðan Reiphólsfjalla verði leitað frá og með 2. - 4. sept. og eftir því sem veður leyfir.

Svæði 18; Múlasveit verði leituð 27. ágúst - 28. ágúst.

Seinni leit allra svæða verði helgina 30.sept. - 2. okt.

Önnur mál (ef einhver):

Engin mál bárust.

Fundi slitið kl. 22.00

Fundargerð undirrituð rafrænt.